



## Ársskýrsla 2015 – 2016

**Stjórnandi**    **Martin Markvoll**

### **Litla Lúðró**

Flauta	Helena María Ægisdóttir (sópranblokkflauta) Jóhanna María Ægisdóttir (sópranblokkflauta)
Klarinett	Helga María Elvarsdóttir
Altsaxófónn	Veronika Ósk Þrastardóttir
Kornett & Trompet	Elínbjört Kristín Oddsdóttir Gestur Alexander Baldursson Oliwia Aleksandra Lukasik Valdís María Eggertsdóttir
Píanó	-
Gítar	Magnús Máni Egilsson
Rafbassi	Hólmgeir Þorsteinsson hefur spilað með á tónleikum.
Slagverk	Ari Bergmann Ægisson Jónas Már Kjartansson (hætti síðan í janúar) Ólafur Birgir Kárason
Klukkuspil	Helga Sóley Ásgeirsdóttir (einnig að spila á melodíku, byrjaði í desember)

### **Þeir sem hætta í Litlu Lúðró sumarið 2015:**

Andrea Rós Sigbjörnsdóttir (flutti til Noregs í apríl)  
Heiðrún Edda Pálsdóttir (fór í Stóru Lúðró)  
Kristrún S. Þorgrímsdóttir (fór í Stóru Lúðró)  
Amelía Dís Einarsdóttir (flutti til Vestmannaeyja)  
Hallfreður Lárus Helgason (fór í Stóru Lúðró)  
Ingimar Þrastarson (bara í Stóru Lúðró eftir mörg ár sem sjálfboðaliði í LL)  
Gunnar Jökull Sigurðarson (flutti í Grundarfjörð)  
Selma Emilsdóttir  
Sævar Þór Sigbjörnsson (flutti til Noregs í apríl)

## Stóra Lúðró

Altflauta	Heiðrún Edda Pálsdóttir (hætti síðan í september) Jóhanna K.G. Hjaltalín
Pverflauta	Björg Brimrún Sigurðardóttir Kristrún S. Þorgrímsdóttir Margrét Lilja Einarsdóttir (ekki í tónlistarnámi) Theodóra Björk Ægisdóttir
Klarinett	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Margrét Lilja Álfgeirsdóttir (byrjaði í desember) Thelma Ólafsdóttir
Bassaklarinett	Símon Karl Sigurðarson, kennari
Altsax	Ísól Lilja Róbertsdóttir Sigurður Guðmundsson
Tenorsax	Anna Soffía Lárusdóttir
Kornett	Dagný Inga Magnúsdóttir
Trompet	Hallfreður Lárus Helgason Haukur Páll Kristinsson María Margrét Káradóttir Valdimar Hannes Lárusson
Horn	Birta Sigþórsdóttir Sara Rós H. Róbertsdóttir
Básúna	Rúna Birna Jóhannesdóttir Salvör Mist Sigurðardóttir
Barítónhorn	Ingimar Þrastarson (og rafbassi)
Túba	Anna S. Melsteð (ekki í tónlistarnámi)
Píanó	Vaka Þorsteinsdóttir
Gítar	Ísak Örn Baldursson
Rafbassi	Ingimar Þrastarson (og barítónhorn) Hólmgeir Þorsteinsson, kennari
Slagverk	Einar Bergmann Daðason Haraldur Björgvin Helgason Jóel Bjarki Sigurðarson Jón Grétar Benjamínsson Oliver Darri Þrastarson Hafþór S. Guðmundsson, kennari
Klukkuspil	Þórhildur Hólmgeirsdóttir (byrjaði í desember)

## **Þeir sem hættu í Stóru Lúðró sumarið 2015:**

Það hætti enginn í Stóru Lúðró sumarið 2015.

## **Víkingasveitin**

Engin Víkingasveit starfaði í vetur en flestir sem voru í Víkingasveitinni í fyrra fóru í Stórsveit Snæfellsness í FSn. Stjórnandi stórsveitarinnar í vetur er Símon Karl Sigurðarson.

Nöfn þeirra nemenda sem æfa með stórsveitinni eru merkt með stjörnu (\*) í nafnalistanum.

## **Ný hljóðfæri**

Trommusett Gísla Birgis Jónssonar, gefið til minningar um hann 18. september. Gísli Birgir lék með danshljómsveitum hér í Stykkishólmi á árum áður og bar hag tónlistarskólans og lúðrasveitarinnar fyrir brjósti. Hann lést sumarið 2015.

## **Foreldrafélag**

Aðalheiður Steinunn Sigurðardóttir, Helga Guðmundsdóttir, María Alma Valdimarsdóttir og Þröstur Gunnlaugsson héldu öll áfram í stjórn veturinn 2015-2016.

Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári, haldið var utan um æfingabúðir og búningamál. Félagið tók að sér að selja veitingar bæði á á Degi tónlistarskólanna 27. febrúar og á svæðistónleikum Nótunnar 12. mars. Aðrar hefðbundnar fjáraflanir héldu áfram, s.s. sala á flatkökum og friðarkertum.

Stærsta verkefni þessa árs var ferð til Scarborough í Englandi 19. - 24. júní. 26 félagar úr Stóru Lúðró (af 30) skráðu sig í ferðina, en samtals tóku 47 manns þátt í ferðinni.

## Starfsárið 2015-16

27. ágúst Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró

2. september Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró

### 17. október – Æfingabúðir Litlu Lúðró

Þessi laugardagur var notaður til að æfa og skemmta okkur í tónlistarskólanum. Kl. 17:00 voru tónleikar í salnum þar sem við spiluðum *We Will Rock You*, *Allir í stuði*, *Chiapanecas* og *Lúðrasveitarsamba*. Að lokum var pitsuveisla og bíó. Kennarar voru Martin, Haffi og Símon, en Hólmgeir spilaði með okkur á samæfingu og á tónleikum.

### 31. október – Æfingabúðir Stóru Lúðró

Þessi laugardagur var notaður til að æfa og skemmta okkur í tónlistarskólanum. Kl. 17:30 voru tónleikar í salnum þar sem við spiluðum nokkur klassísk lög meðal annars *Three Bach Miniatures* og *Bolero*. Að lokum var pitsuveisla og bíó. Kennarar voru Martin, Haffi, Hólmgeir og Símon.

### 15. nóvember – Lúðrasveitarmaræþon SÍSL

SÍSL héldu maræþontónleika í Hörpu þar sem allar skólalúðrasveitir landsins máttu taka þátt. Lúðrasveit Stykkishólms tók ekki þátt í þessu, en Martin fór og hlustaði á nokkra sveitir.

### 26. nóvember – Hausttónleikar

Hausttónleikar voru í Stykkishólmskirkju kl. 18:00. Litla Lúðró spilaði *We Will Rock You*, *Allir í stuði*, *Chiapanecas* og *Lúðrasveitarsamba*. Á efniskránni hjá Stóru Lúðró voru klassísk lög og sáu félagar úr sveitinni um að undirbúa kynningu á lögnum og tónskáldunum og að kynna á tónleikunum. Stóra Lúðró spilaði *Renaissance Suite (1. kafli)*, *Three Bach Miniatures*, *A Mozart Mix*, *Best of Beethoven*, *Firebird Suite*, *The Planets*, *Bolero*, *Öxar við ána* og *Sweet Child O' Mine*.

### 27. nóvember – Skólatónleikar

Hausttónleikar lúðrasveitarinnar voru endurteknir fyrir GSS kl. 11:10.

### 4 .desember – Tendrað á jólatrénu

Á föstudegi um fimmleytið var tendrað á jólatrénu frá Noregi. Málmblastursveitin og tveir trommuleikarar (samtals 12 hljóðfæraleikarar) spiluðu: *Bráðum koma blessuð jólin*, *Skreytum hús* og *Jólasveinar ganga um gólf*. Hætt var við að spila norska lagið *Vi tenner våre lykter*.

### **11. desember – Heimsókn í leikskólann kl. 10:00**

Nokkrir félagar úr Litlu Lúðró ásamt nokkrum píanó- og gítarleikurum heimsóttu leikskólann og spilaði nokkur jólalög.

### **4. febrúar – engin æfing hjá Stóru Lúðró vegna skíðaferðar 7. bekkjar.**

### **10. febrúar – engin æfing hjá Litlu Lúðró vegna Öskudagsgöngu.**

### **27. febrúar – Dagur tónlistarskólanna í Stykkishólmskirkju**

Lúðrasveitin kom ekki fram á þessum tónleikum, en foreldrafélagið sá um kaffisölu til að safna peningum fyrir Englandsferðina.

### **12. mars – Nótan 2016, Svæðistónleikar í Stykkishólmskirkju**

Lúðrasveitin kom ekki fram á þessum tónleikum, en foreldrafélagið sá um hádegismat fyrir aðkomumenn og kaffisölu eftir tónleika til að safna peningum fyrir Englandsferðina.

### **2. apríl – Æfingabúðir Stóru Lúðró**

Þessi laugardagur var notaður til að æfa og skemmta okkur í tónlistarskólanum. kl. 17:30 voru tónleikar í salnum þar sem við spiluðum *Scarborough Fair*, *Harry Potter*, *Little Talks*, *Þannig týnist tíminn*, *Come Together* og *A Night on Bald Mountain*.

Að lokum var pitsuveisla og bíó. Kennarar voru Martin, Haffi, Hólmgeir og Símon.

### **9. apríl – Æfingabúðir Litlu Lúðró**

Þessi laugardagur var notaður til að æfa og skemmta okkur í tónlistarskólanum. kl. 17:00 voru tónleikar í salnum þar sem við spiluðum *Lúðrasveitin mín*, *Smoke on the Water*, *Karíus & Baktus*, *Krummi svaf í klettagjá*, *My Heart Will Go On* og *Jón Per*.

Að lokum var pitsuveisla og bíó. Martin kenndi hópnum sjálfur fyrir hádegi en Haffi og Hólmgeir spiluðu með okkur á samæfingu og á tónleikum.

### **15. apríl – Aðalfundur SÍSL í Grafarvogi**

Martin mætti á fundinn. Á fundinum var aðallega rætt um landsmótið sem var nýafstaðið og kosin ný stjórn.

### **21. apríl – Vortónleikar í Stykkishólmskirkju**

Sumardaginn fyrsta kl. 14:00 voru vortónleikar í kirkjunni. Litla Lúðró spilaði *Lúðrasveitin mín*, *Smoke on the Water*, *Karius & Baktus*, *Krummi svaf í klettagjá*, *My Heart Will Go On* og *Jón Per*. Stóra Lúðró spilaði *Scarborough Fair*, *Highlights from Harry Potter*, *Come Together*, *Pannig týnist tíminn*, *Sweet Child O' Mine*, *The Planets*, *A Night on Bald Mountain* og *Little Talks*. Kynnir var Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftir tónleikana var kaffisala til styrktar ferðasjóði.

### **13. maí – Hljóðfærakynning fyrir GSS**

Eftir vortónleika bættust níu nýir félagar í hópinn og mættu á 2-3 æfingar. Þeir fengu að æfa *Rock*, *Nem Kuela* og *Lúðrasveitin mín*. Föstudaginn 13. júní buðum við öllum nemendum úr 1. - 5. bekk GSS á tónleika og hljóðfærakynningu í tónlistarskólanum.

### **19. maí – Skólaslit Tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju**

Litla Lúðró spilaði *Lúðrasveitin mín*.

### **3. júní – Þvottadagur**

Allir málmblásarar og trommuleikarar voru boðaðir, en því miður komu ekki allir. Hljóðfærin voru böðuð og þússuð. Á meðan þau voru í baði fórum við á Bensó og fengum okkur ís.

### **5. júní – Sjómannadagur**

Á sjómannadag, sem haldinn var á sunnudegi, var farið í skruðgöngu niður að höfn kl. 13:00. Áður en lagt var af stað spilaði sveitin nokkur lög fyrir utan dvalarheimilið. Eftir skruðgönguna spiluðum við nokkur lög fyrir utan Sjávarpakkhúsið.

### **17. júní – Þjóðhátíðardagur**

Á þjóðhátíðardaginn var spilað í skruðgöngu. Byrjað var fyrir utan dvalarheimilið og þaðan var gengið niður Skólastíg, upp Aðalgötu og inn í Hólmgarð þar sem hátíðin var haldin. Lúðrasveitin spilaði nokkur lög í garðinum, en Kór Stykkishólmskirkju sá um að syngja þjóðsönginn að þessu sinni. Löginn sem við spiluðum voru: *Sousa Medley March*, *Nammi* og *Öxar við ána*.

## **19. – 24. júní – Ferð til Englands, Scarborough Music Festival**

Sunnudaginn 19. júní lagði Stóra Lúðró af stað til Scarborough, Englands. Flestir félagar úr sveitinni voru með, ásamt nokkrum systkinum og foreldrum. 26 hljóðfæraleikarar fóru, en í heildina voru 47 með í ferðinni. Ferðaskrifstofan Eurotravel í Svíþjóð sá um að skipuleggja ferðina. Farastjórar okkar voru María Valdimarsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Þröstur Gunnlaugsson og Martin.

*Sjá viðhengi fyrir ítarlega dagskrá og þáttökulista.*

### **Sunnudagur**

Mæting á flugvöllinn kl. 04:30. Við fórum á 13 einkabílum. Sumir keyrðu beint úr Hólminum, en aðrir fóru daginn áður og gistu í Reykjavík. Við fórum til Manchester með Icelandair kl. 07:35-11:15. Þaðan tókum við rútu og vorum komin til Scarborough, sem er á austurströnd Englands um kaffileytið. Við gistum á Travelodge Hótelu á St. Nicholas Cliff, rétt hjá ströndinni. Eftir innritun fengum við okkur að borða og fórum síðan í göngutúr um bæinn með Jeanette, farastjóra frá Eurotravel. Morgunmat og kvöldmat borðuðum við alltaf á hótelinu; það var innifalið í þáttökugjaldinu.

### **Mánudagur**

Spiluðum í grenjandi rigningu á göngugötunni í Scarborough. Í hádeginu fengum við nesti sem farastjóranir okkar bjuggu til. Seinna um daginn fórum við að skoða Scarborough Castle, en þá var komin sól og gott veður.

### **Þriðjudagur**

Rútuferð til York, þar sem við spiluðum í Coppergate. Eftir það var hádegismatur á Pizza Hut og frjáls tími til að skoða borgina og versla. Rútan keyrði okkur síðan heim kl. 17:00.

### **Miðvikudagur**

Spiluðum aftur á göngugötunni í Scarborough, en núna var gott veður og mikið af fólki sem hlustaði á okkur – margir gáfu okkur pening í hattinn, u.þ.b. 47 pund. Eftir það spiluðum við einnig nokkur lög fyrir utan hótelið okkar. Í hádeginu fengum við nesti sem farastjóranir okkar bjuggu til. Kl. 15:00 var skruðganga meðfram ströndinni, þar sem þrjár aðrar lúðrasveitir tóku þátt. Þær voru allar frá Noregi og tóku þátt í hátíðinni í gegnum ferðaskrifstofu sem heitir Club England. Eftir skruðgönguna fóru margir á pub til að horfa á Ísland vinna Austurríki! Eftir kvöldmat fengum við að hlusta á tónleika á næsta hóteli, þar sem þessar norsku lúðrasveitir spiluðu. Um kvöldið fórum við öll á ströndina þar sem krakkarnir fóru í fótbolta og sumir líka í sjóinn.

### **Fimmtudagur**

Þetta var eini dagurinn sem við héldum ekki tónleika. Í staðinn fórum við í rútuferð yfir North York Moors og stoppuðum í Goathland, þar sem við heimsóttum lestarstöðina “Hogsmeade” úr Harry Potter-myndunum. Eftir þetta fórum við í stóran skemmti- og dýragarð sem heitir Flamingo Land. Þar var mikið af afrískum dýrum og stórum rússibönum.

### **Föstudagur**

Rútan keyrði okkur tilbaka til Manchester kl. 07:30. Kl. 13:05 áttum við flug tilbaka til Íslands með Icelandair og vorum komin heim, eftir smá seinkun, um kl. 15:30. Flestir keyrðu beint vestur í Hólminn og þar með var Englandsferðinni lokið.

### **Auk þess hefur...**

- Litla Lúðró æft frá 14:44 - 15:30 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.

Martin Markvoll  
Stykkishólmi, 7. júlí 2016



**LÚDRASVEIT STYKKISHÓLMS  
SCARBOROUGH 19. - 24. júní 2016**

<b>Sun 19.06</b>	07:35	Brottför með flugi frá Keflavík, flug FI440. Innritun 2 klukkustundum fyrir brottför. 1 x 23kg innritaður farangur á mann.
	11:15	Komum til Manchester. Rúta og leiðsögumaður frá Eurotravel hittir okkur á flugvellið, keyrum til Scarborough (2,5-3 klst.) Innritun á Travelodge, St. Nicholas Cliff
	----	Göngutúr til að kynna sér bæinn.
	----	Kvöldmatur á hótelinu.
<b>Mán 20.06</b>	----	Morgunmatur á hótelinu.
	----	Dagurinn í Scarborough.
	12:00	Spilum á göngugötunni við Poundland.
	----	Seinnipartinn, skoðunarferð í Scarborough Castle.
	----	Kvöldmatur á hótelinu.
<b>Þri 21.06</b>	08:00	Morgunmatur á hótelinu.
	09:30	Dagsferð með rútu og leiðsögumanni til Jórdíku (York).
	11:30	Spilum í Coppergate í York, ca. 30 mín.
	----	Eftir þetta er frjálst tími í York til að skoða sig um og versla.
	17:00	Rútan ekur okkur aftur til Scarborough.
19:00	Kvöldmatur á hótelinu.	
<b>Mið 22.06</b>	----	Morgunmatur á hótelinu.
	12:00	Spilum á göngugötunni við Poundland.
	15:00	Skrúðganga við South Bay.
	----	Kvöldmatur á hótelinu.
<b>Fim 23.06</b>	08:00	Morgunmatur á hótelinu.
	09:30	Dagsferð með rútu og leiðsögumanni yfir North York Moors. Stoppum í Goathland/"Aidensfield"/"Hogsmeade"
	----	Heimsókn í Flamingoland (skemmti- og dýragarður).
	17:00	Rútan keyrir okkur aftur til Scarborough.
	19:00	Kvöldmatur
<b>Föst 24.06</b>	06:30	Morgunmatur og pakka niður.
	07:15	Hlaða farangri í rútna
	07:30	Brottför frá Scarborough
	13:05	Brottför með flugi frá Manchester, flug FI441.
	14:30	Komum til Keflavíku.

## **Þeir sem komu með til Scarborough, raðað eftir fjölskyldum**

Anna Soffía Lárúsdóttir, Valdimar Hannes Lárusson og María Valdimarsdóttir

Birta Sigþórsdóttir og Erla Friðriksdóttir

Björg Brimrún Sigurðardóttir

Dagný Inga Magnúsdóttir og Magnús Ingi Bæringsson

Einar Bergmann Daðason

Guðrún Bergmann Agnarsdóttir og Svala Jónsdóttir

Hallfreður Lárus Helgason, Haraldur Björgvin Helgason og Halla Dís Lárúsdóttir

Haukur Páll Kristinsson og Hafrún B. Guðmundsdóttir

Ingimar Þrastarson, Helga Guðmundsdóttir og Þróstur Gunnlaugsson

Ísak Örn Baldursson og Gyða Steinsdóttir

Ísól Lilja Róbertsdóttir, Sara Rós H. Róbertsdóttir og Menja von Schmalensee

Jóhanna Kristín Hjaltalín, Ásta Björk Friðjónsdóttir, Ásta Sigurðardóttir og Guðjón V. Hjaltalín

Jón Grétar Benjamínsson

Kristrún S. Þorgrímsdóttir og Ingveldur Eypórsdóttir

Margrét Lilja Einarasdóttir og María Jónasdóttir

Oliver Darri Þrastarson og Camilla Rós Þrastardóttir

Rúna Birna Jóhannesdóttir og Arnþrúður Heiðrún Jóhannesdóttir

Salvör Mist Sigurðardóttir, Jóel Bjarki Sigurðarson, Anna Melsteð og Sigurður Bjarnason

Thelma Ólafsdóttir

Vaka Þorsteinsdóttir og Jón Beck Agnarsson

Þórhildur Hólmgeirsdóttir

Martin Markvoll og Kristín Rós Jóhannesdóttir